

Skýrsla stjórnar SFA

til aðalfundar í Reykjavík 26 apríl 2018

Góðir félagsmenn, kæru vinir

Aðildarsöfn SFA eru nú 43 en félagar öllu fleiri þar sem Bbs á fleiri en einn fulltrúa í félaginu.

Eftir einróma endurkjör til stjórnarstarfa í okkar ágæta félagi í leikhúskjallara í Berlín sl vor byrjaði stjórn að huga að þeim verkefnum sem henni voru þar falin eða hún bryddaði sjálf uppá. Á fyrsta stjórnarfundum sínum var ákveðið að verkaskipting stjórna yrði óbreytt frá fyrra ári og í kjölfarið fylgdu 7 formlegir stjórnarfundir auk haustfundar og aukaaðalfundar í nóvember 2017.

Fyrsta verkefnið var yfirfærsla á Fína yfir í SFA, en tækifærið var einnig notað til að fara ítarlega yfir vefmál og ýmislegt annað sem tengist yfirfærslunni. Lénið sfa.is var keypt og fært snurðulaust í millum þess nýja og gamla. Heiti póstlista samtakanna var og breytt. Ritari hefur af alúð haldið utan um vefmál SFA ásamt félagaskrá og gjaldkeri okkar hefur heldur ekki setið auðum höndum, sífellt með vakandi auga á fjármálunum, en hún gerir frekari grein fyrir störfum sínum í fjármálayfirferð sinni hér á eftir.

Síðastliðið sumar barst SFA bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem óskað var eftir tilnefningum SFA í Bókasafnsráð, sem þáverandi ráðherra vildi endurvekja. Óskar Guðjónsson og Pálína Magnúsdóttir voru tilnefnd fyrir hönd SFA. Annað hefur ekki skeð á þeim vettvangi.

Eðlilega fór nokkur tími í undirbúning haustfundar og aukaaðalfundar SFA þann 24. nóvember. Ákveðið var að boðað til hans **árdegis** sama dag og **örerindaröð** Upplýsingar um *Samstarf og samstaða* í anda IFLA Global vision var haldin. Leitað var til stjórnar SFA um örerindi og flutti Lísu flott erindi þar sem sagt var frá SFAsamstarfinu auk þess sem Millireykja-samstarf bar einnig á góma.

Stjórn hefur um hríð rýnt lög félagsins gaumgæfilega og ákvað að boða til aukaáðalfundarins til að geta formlega borið tillögur um lagabreytingar undir félagi. Tillögurnar voru efnislega samþykktar og nokkrar til viðbótar urðu til í umræðunni. Fundurinn vísað síðan lokaafgreiðslu breytinganna til áðalfundar. Samþykktar breytingar verða því kynntar hér á eftir og lög in í heild sinni síðan borin undir atkvæði. Að loknum hlustuðu svo haustfundargestir á „Samfélagsmiðlun sem virkar“, erindi Margeirs Steinars Ingólfssonar, sérfræðings hjá Hugsmiðjunni.

Að lokum má nefna að stjórn ræddi um myndir úr starfi samtakanna og hvort þær ættu ekki allar að fara inn á vef okkar til varðveislu og því væri skynsamlegt færa þangað þær myndir sem t.d. eru á Facebook. Þessu var ekki lokið.

Formaður þakkar þeim Lísu og Margréti fyrir skemmtilegt, ötult og óeigin-gjarnt samstarf þessi 2 ár, sem voru ótrúlega fljót að líða. Öðrum sem með beinum eða óbeinum hætti hafa komið að starfsemi samtakanna þessi 2 ár er einnig þakkað. Samvinna bókasafna MillireReykjamafíunnar á sér langa sögu og hefur komið að góðum notum við vinnu að sameiginlegum markmiðum samstarfseiningarinnar og ekki síður að SFA stjórnarstarfinu. Á stjórnarfundum mátti stundum varla milli þess greina hvor þar væri stjórn SFA eða forstöðumenn MilliReykjasafnanna að ræða sín mál. Það er vissa mín að stjórnin hafi sinnt störfum sínum af alúð og metnaði og vonandi félagi okkar og fagi til framdráttar. Við kveðjum ánægð, gerðum okkar besta og erum þess fullviss að áframhaldandi starfi að markmiðum SFA verði vel fyrir komið í höndum félaga okkar suður með sjó! Við óskum þeim alls hins besta og þökkum fyrir okkur.

F.h. stjórnar SFA 2016-18

Óskar Guðjónsson, formaður